

Minnisblað

Varðandi: Útreikning afslátta hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.
Málsnr. 1606083
Dags.: 9. júní 2016

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er í II. kafla 4. mgr. 5. gr. þar sem fjallað er um lækkanir og/eða niðurfellingar á fasteignaskatti segir:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.“

Akraneskaupstaður hefur sett reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Síðustu reglur eru staðfestar 25. febrúar 2014. Í 2. gr. reglnanna er fjallað um tekjuviðmið en þar segir:

„Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.“

Tillaga að viðmiðunarupphæðum fyrir árið 2016 sem gerir ráð fyrir 9,73% hækkun milli ára:

Hjá einstaklingum:

Tekjur allt að	kr. 3.091.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 257.583,-
Tekjur yfir	kr. 4.279.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 356.583,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 1.188.000	notað sem hlutfallsstuðull

Hjá hjónum:

Tekjur allt að	kr. 4.329.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 360.750,-
Tekjur yfir	kr. 5.991.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 499.250,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 1.662.000	notað sem hlutfallsstuðull

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 3.300.000.-

Útreikningur $3.300.000 - 3.091.000 = 209.000 / 1.188.000 = 17,59 - 100 = 82,41\%$ lækkun.

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 3.900.000,-

Útreikningur $3.900.000 - 3.091.000 = 809.000 / 1.188.000 = 68,10 - 100 = 31,90\%$ lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 5.000.000.-

Útreikningur $5.000.000 - 4.329.000 = 671.000 / 1.662.000 = 40,37 - 100 = 59,63\%$ lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 5.700.000,-

Útreikningur $5.700.000 - 4.329.000 = 1.371.000 / 1.662.000 = 82,49 - 100 = 17,51\%$ lækkun.



Andrés Ólafsson fjármálastjóri

9. júní 2016.